

# JÓLATÓNLISTAHÁTÍÐ 2017 Í HALLGRÍMSKIRKJU

## HÁDEGISJÓL MEÐ SCHOLA CANTORUM



FÖSTUDAGINN 1. DES. KL. 12-12.30  
FÖSTUDAGINN 8. DES. KL. 12-12.30  
FÖSTUDAGINN 15. DES. KL. 12-12.30

Schola cantorum og Hörður Áskelsson flytja fagra aðventu- og jólasöngva. Einsöngvarar úr röðum kórfélaga koma einnig fram.

Miðaverð: 2500 kr./ afsl. verð 2000 kr.- 1250 kr. fyrir listvini og nemendur

## JÓLATÓNLEIKAR MÓTETTUKÓRSINS MEÐ ELMARI GILBERTSSYNI

LAUGARDAGINN 9. DES KL. 17 - SUNNUDAGINN 10. DES. KL. 17



FLYTJENDUR

MÓTETTUKÓR HALLGRÍMSKIRKJU  
EINSÖNGUR: ELMAR GILBERTSSON TENÓR  
ORGELLEIKUR: BJÖRN STEINAR SÓLBERGSSON  
STJÓRNANDI: HÖRÐUR ÁSKELSSON



Jólastemming eins og best verður á kosið í fagurlega skreyttri kirkjunni!

Mótettukór Hallgrímskirkju, sem hlotið hefur margvíslegar viðurkenningar fyrir vandaðan og fagan söng sinn og hlaut m.a. þrenn gullverðlaun í alþjóðlegri kórakeppni á Spáni 2014 hefur um árabil glatt tónleikagesti sína með hrífandi jólatónleikum á aðventunni.

Í ár verður einstaklega hátíðlegur og hugljúfur bragur á tónleikunum en flutt verða sígild jólaverk eftir Adam, Eccard, Lauridsen, Poulenc, Victoria, Whitacre o.fl.

Einsöngvari er Elmar Gilbertsson tenór, sem var valinn söngvari ársins í sígildri tónlist á Íslensku tónlistarverðlaunum fyrir á þessu ári.

Aðgangseyrir: 5.900 / afsláttarverð f eldri borgara 4.900 kr.

3.000 kr. fyrir nemendur, öryrkja og félagar í Listvinafélagi Hallgrímskirkju.

### HÁTÍÐARMESSA Á 1. SUNNUDEGI Í AÐVENTU

SUNNUDAGINN 3 DES. KL. 11

Biskup Íslands Frú Agnes Sigurðardóttir prédikar og sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir þjónar fyrir altari. Mótettukór Hallgrímskirkju syngur hátíðartónlist tengda 1. sunnudegi í aðventu.

Stjórnandi Hörður Áskelsson. Organisti Björn Steinar Sólbergsson.

Hátíðarmessan við upphaf 36. starfsárs Listvinafélags Hallgrímskirkju markar upphaf jólasöfnunar fyrir Hjálparstarf kirkjunnar.

### ERLINGUR PÁLL INGVARSSON - SÝNINGAROPNUN

SUNNUDAGINN 3 DES. KL. 12.15

BIRTING

Opnun nýrrar listsýningar við messulok. Erlingur Páll Ingvarsson sýnir ný verk í forkirkjunni. Sýningarstjóri er Rósa Gísladóttir. Léttar veitingar í suðursal. Ókeypis aðgangur - allir velkomnir!

### 25 ÁRA AFMÆLI KLAIS-ORGELSINS

MIÐVIKUDAGINN 13. DES KL. 20

Organistar Hallgrímskirkju, Hörður Áskelsson og Björn Steinar Sólbergsson leika jólatónlist og önnur glæsileg verk tengd vígslu orgelsins á hið völduga Klaisorgel kirkjunnar, sem á 25 ára afmæli þennan dag.

Léttar afmælisveitingar og spjall í suðursal að tónleikunum loknum.

Ókeypis aðgangur- allir hjartanlega velkomnir!



## HÁTÍÐARHLJÓMAR VIÐ ÁRAMÓT

LAUGARDAGINN 30. DES. KL. 16.30 - (ath nýjan tíma)

GAMLÁRSDAGUR 31. DES. KL. 16.30 - (ath breyttan tíma)

Hátíðartónlist fyrir 3 trompeta, orgel og pákur. Trompetleikararnir Eiríkur Örn Pálsson, Einar St. Jónsson og Baldvin Oddsson, Hörður Áskelsson orgelleikari og Eggert Pálsson pákuleikari flytja glæsileg hátíðarverk m.a. eftir J.S. Bach, Albinoni, o fl. barokkmeistarar.

Einir vinsælustu tónleikar ársins, þ.s. hátíðarhljómar þeirra félagar koma öllum í áramótaskapið!

Vegna gríðarlegra vinsælda er nú gerð tilraun með að bæta við tónleikum 30. des.

Aðgangseyrir: 4.500/ 4000 kr. -50% afsláttur fyrir nemendur, öryrkja og félagar í Listvinafélagi Hallgrímskirkju.